

Áður en stúdent segir sig til prófs í lok 2. kennslumisseris, skal hann leggja fram vottorð frá kennurum um, að hann hafi sýnt viðhlítandi ástundun við námið og lokið tilbúningi eigi færri en 15 galenskra samsetninga, sem greindar eru á verkefnalista þeim, sem afhentur er í upphafi 1. misseris. Þá er stúdent segir sig til annarra prófa, skal hann hafa staðist próf í lok 2. misseris og öll undangengin próf og leggja fram vottorð frá kennurum um, að hann hafi sýnt viðhlítandi ástundun við námið.

Einkunn í verklegri galenskri lyfjagerð skal miða að hálfu við skýrslur stúdenta yfir námstímann og að hálfu við frammistöðu á prófinu sjálfu.

Nú stenst stúdent eigi eitthvert próf og er honum þá heimilt að þreyta það aftur eftir þeim prófreglum, er gilda fyrir hverja grein.

Ekkert próf má þreyta oftár en tvisvar, sbr. þó 61. gr. 1. mgr. i.f., og aðstoðar-lyfjafræðingsprófi skal lokið eigi síðar en sex árum eftir að stúdent var skráður í deildina. Undanþágu má þó veita frá greindu tímamarki, ef stúdent hefur verið veikur, enda sé það staðfest af lækni Háskólans.

Ekki er Háskólanum skylt að annast kennslu á 3. námsári, nema 3 stúdentar hið fæsta skrái sig til náms.

#### b. Einkunnastigi og ákvæði um lágmarkseinkunn.

Við ákvörðun á einkunn skal nota tug einkunnakerfi, sbr. 57. gr. C, um próf í verkfræði- og raunvísindadeild. Við einkunnagjöf skal jafnframt stuðst við úrlausnir æfingaverkefna, sem stúdent hefur leyst á námstímanum. Einkunnir skriflegra prófa skulu gefnar í heilum og hálfum tölum, en einkunnir verklegra prófa í heilum tölum.

Til þess að standast próf verður stúdent að hafa fengið a. m. k. 6.0 í hverri af þessum greinum: galenskri lyfjagerð og efnagreiningartækni og ekki minna en a. m. k. 5.5 að meðaltali á hverju námsári fyrir sig.

#### 3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 26. maí 1978.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*

15. júní 1978.

Nr. 89.

## AUGLÝSING

**um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76, 17. júní 1958, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 6. júní 1978 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76, 17. júní 1958, fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum.

#### 1. gr.

##### 32. gr. c orðist svo:

Skrásetningargjald, bæði við frumskráningu og árlega skráningu er 8 500 krónur og skiptist þannig:

Til Félagsstofnunar stúdenta við Háskóla Íslands renna 4 700 krónur, til Stúdentaráðs Háskóla Íslands 2 800 krónur, en 1 000 krónur renna í sjóð er nefnist Stúdentaskiptasjóður. Skal fé hans vera í vörslu Stúdentaráðs, sem tekur ákvarðanir um veitingu fjár úr sjóðnum. Fé sjóðsins má aðeins verja til þess að stuðla að stúdentaskiptum milli Íslands og annarra ríkja eftir því sem nánar verður ákveðið í skipulagsskrá sjóðsins, sem stúdentaráð setur, og staðfesta skal með venjulegum hætti.

Háskólaráði er heimilt að áskilja samkvæmt tillögu háskóladeildar, að nemendur greiði gjöld vegna þátttöku í námskeiði til þess að standa straum af sérstökum kostnaði svo sem vegna efniskaupa.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 15. júní 1978.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

*Árni Gunnarsson.*

## AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytið, 25. júní 1978.*

Geir Hallgrímsson.

*Guðmundur Benediktsson.*